Ferðamenn í Dalabyggð

2004-2018



RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF
FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Ljósmyndir: Kristján E. Karlsson, Rögnvaldur Guðmundsson (RG) og Steina Matt.

Kápumynd: Séð yfir Gilsfjarðarbrú og Saurbæ í Dölum. Mynd: RG.

Ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018

Ferðaþjónustubærinn og sögustaðurinn Sauðafell í Dölum. *Mynd: Kristján E. Karlsson*

Samantekt unnin fyrir Eiríksstaðanefnd

mars 2019

Dalabyggð

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf

Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði

rognvaldur@rrf.is

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður **1**

1.0 Inngangur **3**

1.1 Kannanir sem stuðst er við 3

1.2 Úrvinnsla 3

2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2018 **5**

2.1 Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning 5

2.2 Ferðamáti og farartæki 7

2.3 Ferðamenn með skemmtiferðaskipum 8

3.0 Erlendir ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018 **9**

3.1 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Dalasýslu 9

3.2 Erlendir ferðamenn í Búðardal 12

4.0 Innlendir ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018 **13**

5.0 Allir ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018 **14**

Helstu niðurstöður

Erlendir ferðamenn í Dalasýslu

Áætlað er að 296 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Dalasýslu árið 2018 en 49 þúsund árið 2004, sem er sexföldun. Fjölgunin varð þó aðeins tæp 6% á milli áranna 2017 og 2018. Samkvæmt því komu 13,6% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju í Dalasýslu árið 2018, ívið hærra hlutfall en 2004 (13,2%). Yfir sumartímann (júní-ágúst) fjölgaði þeim 3,4 falt á þessu árabili (2004-2018), úr 43 í 145 þúsund, en 22 falt utan sumartíma, úr 7 í 151 þúsund.

Áætlað er að af 296 þúsund erlendum gestum árið 2018 hafi 92 þúsund gist í Dalasýslu (31%) en 204 þúsund verið dagsgestir (69%). Um 35% erlendra sumargesta í Dalasýslu 2018 gistu þar en um 27% þeirra sem þangað komu utan sumars. Meðaldvöl næturgesta í Dalasýslu árið 2017 var 1,2 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í sýslunni áætlaðar 110 þúsund árið 2018; um 0,8% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár. Árið 2018 voru 45% erlendra gistinátta þar utan sumars, 37% árið 2017, 33% árið 2016, 23% árið 2015, 16% árið 2014 en einungis 7-8% árin 2010 og 2004.

Árið 2018 er áætlað að af 296 þúsund erlendum gestum í Dalasýslu sem komu til landsins með flugi eða ferju hafi 80 þúsund búið í Norður-Ameríku (27% gestanna), 78 þúsund utan áður hefðbundinna markaðssvæða (26,5%), 56 þúsund í Mið-Evrópu (19%), 48 þúsund í Suður-Evrópu (16%), 16 þúsund á Bretlandseyjum (5,5%), nær 10 þúsund á Norðurlöndunum (3,2%) og um 8,5 þúsund í Benelux löndunum (2,9%)

Erlendir ferðamenn í Búðardal

Áætlað er að 154 þúsund erlendir ferðamenn hafi haft einhverja viðkomu í Búðardal árið 2018 en 24 þúsund árið 2004, sem er 6,4 földun. Þetta þýðir að 7% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2018 höfðu einhverja viðdvöl í Búðardal en 6,5% árið 2004, eða 52% þeirra sem lögðu leið sína í Dalasýslu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum ferðamönnum í Búðardal hafi fjölgað úr 20 þúsund árið 2004 í 76 þúsund árið 2018, eða 3,7 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrarferðamönnum þar nær 20 falt á sama tímabili, úr um 4 þúsund í 79 þúsund.

Árið 2004 komu 84% erlendra gesta í Búðadal þangað að sumarlagi en 16% hina níu mánuði ársins. Árið 2018 er hins vegar ætlað að hlutfall sumargesta hafi verið komið niður í 49% en ferðmanna utan sumartíma upp í 51%.

Innlendir ferðamenn í Dalasýslu og Búðardal

Lauslega er áætlað að 112 þúsund Íslendingar (31%) hafi lagt leið sína í Dalasýslu árið 2017 en 78 þúsund árið 2004 (28%). Þá er áætlað að 74 þúsund landsmenn hafi komið í Búðardal árið 2018 (23%) en 55 þúsund árið 2004 (20%).

Allir ferðamenn í Dalabyggð og Búðardal

Þegar skoðuð er þróun í gestakomum í Dalasýslu 2004-2018 er áætlað að Íslendingar hafi verið 61% gestanna árið 2004 en erlendir ferðamenn 39%. Árið 2018 er hins vegar áætlað að erlendir ferðamenn hafi verið í miklum meirihluta, þ.e. 75% gestanna en Íslendingar 25%. Samkvæmt því voru erlendir gestir sem lögðu leið sína um í Dalasýslu árið 2018 um þrisvar sinnum fleiri en innlendir ferðamenn.

Líklegasta skýringin á aukningunni er að frá árinu 2010 hefur nær öll umferð til Vestfjarða og Stranda farið um Dalasýslu. Það gerðist með tilkomu nýs vegar um Þröskulda á milli Reykhóla-sveitar og Hólmavíkur og nýrri brú yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi, en umferð var hleypt á þessi mannvirki haustið 2009. Þá hefur umferð erlendra ferðamanna utan sumartíma einnig verið að aukast jafnt og þétt víða um land, einkum vor og haust.

Áætlað er að ferðamönnun sem höfðu viðkomu í Búðardal hafi fjölgað úr 79 þúsund árið 2004 í 228 þúsund árið 2018, eða 2,9 falt. Jafnframt er áætlað að 70% ferðamanna sem höfðu viðkomu í Búðardal árið 2004 hafi verið Íslendingar en 30% erlendir ferðamenn. Árið 2018 er hins vegar áætlað að erlendir ferðamenn hafi verið 68% gestanna en Íslendingar 32%.

Samkvæmt áðursögðu er áætlað að 74% Íslendinga sem fóru um Dalasýslu árið 2018 hafi haft einhverja viðkomu í Búðardal en um 52% erlendra ferðamanna.

1.0 Inngangur

1.1 Kannanir sem stuðst er við

Kafli 2.0 um erlenda ferðamenn á Íslandi 2004-2018 og kafli 3.0 um erlenda ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018 byggja báðir á niðurstöðum úr könnuninni *Dear Visitors* sem fyrirtækið *Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar* hefur framkvæmt meðal brottfararfarþega í Leifsstöð allt frá sumrinu 1996 og síðan nær stöðugt alla mánuði ársins frá janúar 2004 og til þessa dags. Þá hefur könnunin einnig verið framkvæmd á sumrin meðal ferðamanna með Norrænu á Seyðisfirði. Þar hefur frá árinu 2003 verið spurt um komur og gistinætur í Dalasýslu og komur í Búðardal. Í þessari samantekt verður lögð áhersla á að skoða þessar upplýsingar fyrir árið 2018 með samanburði við árin 2017, 2016, 2015, 2014, 2010 og 2004. Að jafnaði tóku 3.000-4.500 manns þátt í könnuninni hvert þessara ára.

Kafli 4.0 um innlenda ferðamenn í Dalabyggð og Búðardal byggir á símakönnun sem RRF framkvæmdi um ferðir Íslendinga árið 2004, net- og símakönnun sem framkvæmd var fyrir RRF af Miðlun ehf vegna ársins 2010 og könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir RRF vegna ársins 2014. Fjöldi svara þar var á bilinu 780 til 902 eftir árum. Fjöldinn árin 2015-2018 er áætlaður út frá könnuninni árið 2014.

Í kafla 5.0 er fjöldi allra ferðamanna í Dalabyggð, erlendra sem innlendra, áætlaður fyrir árin 2004, 2010 og 2014-2018.

1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru erlendir ferðamenn í *Dear Visitors* könnunum RRF sem komu til Íslands eða sem heimsóttu Dalasýslu og Búðardal skoðaðir sem heild. Jafnframt er skoðaður munur á komum erlendra gesta að sumri og utan sumars og eftir mánuðum áðurtalin sjö ár 2004, 2010, 2014, 2015, 2016, 2017 og 2018. Þá er nokkuð komið inn á muninn á komum ferðamanna eftir búsetu þeirra (markaðssvæðum). Erlendir ferðamenn í *Dear Visitors* könnuninni eru flokkaðir eftir sex markaðssvæðum hvað búsetu varðar. Gestir utan þeirra svæða eru hafðir saman undir heitinu *önnur svæði*.

Tafla 1.1 Skilgreining á markaðssvæðum

Markaðssvæði	*Lönd*
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Pólland, Tékkland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland …
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Önnur svæði	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða *„þýði“* sem til skoðunar er. Í könnuninni *Dear Visitors* 2018 er þýðið t.d allir erlendir ferðamenn sem komu til Íslands með flugi eða Norrænu árið 2018, um 2.183 þúsund (nær 2,2 milljónir).[1] Áætlað er að 1.408 þúsund þeirra hafi komið utan sumars (64,5%) en 775 þúsund yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst (35,5%).

Í könnunum meðal Íslendinga er þýðið allir landsmenn 18-95 ára. Á því aldursbili voru um 276 þúsund manns 1. janúar 2019 samkvæmt Hagstofu Íslands (www.hagstofan.is).[2]

Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

Tafla 1.2 **Fráviksmörk í úrtakskönnun** - allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50%
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1300	1,2	1,6	1,9	2,2	2,4	2,5	2,7	2,7
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5
1700	1,0	1,4	1,7	1,9	2,1	2,2	2,3	2,4
2000	1,0	1,3	1,6	1,8	2,0	2,0	2,1	2,2

Dæmi um notkun töflunnar:

Ef 40% svarenda í *Dear Visitors* könnuninni sumarið 2018 (júní-ágúst) kváðust hafa komið á ákveðið svæði verður frávikið frá gefnu hlutfalli +/- 2,5%, miðað við um 1.500 svarendur er þá tóku þátt í könnuninni. Ef það hlutfall hefði hins vegar verið 10% verður frávikið +/- 1,5%.

---

[1] *Hér er stuðst við talningu Ferðamálastofu meðal brottfararfarþega í Leifsstöð 2018, tölur Austfars hf um farþega með Norrænu og upplýsingar frá Isavia um ferðamenn um flugvellina í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum, alls um 2.350 þúsund gestir. Í þessari skýrslu verður hins vegar reiknað út frá 93% þessa fjölda og miðað við 2.183 þúsund erlenda gesti til Íslands árið 2018; 775 þúsund yfir sumarmánuðina þrjá og 1.408 þúsund utan þess tíma. Sjá nánar í neðamálsgrein 3.*

[2]. *Í úrvinnslunni eru niðurstöður kannana yfirfærðar á 280.000 Íslendinga árið 2005, 290.000 árin 2008-2011, 295.000 árið 2012, 300.000 árið 2013, 310 þúsund árin 2014 og 2015, 315 þúsund árið 201, 320 þúsund árið 2017 og 325 þúsund árið 2018 til að forðast ofáætlanir (íbúar Íslands um 357.000 1. janúar 2019). Eldri og lasburða einstaklingar sem síður eða ekki geta tekið þátt í könnunum ferðast minna en almennt gerist. Eins er líklegt að börn og ungmenni undir 18 ára aldri ferðist heldur minna um landið en fullorðið fólk þó fyrri kannanir bendi til að þar muni litlu.*

2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2018

2.1 Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgaði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldinn stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010 en á árabilinu 2011-2017 varð afar mikil fjölgun (20-40% á ári). Á síðasta ári (2018) hægði mikið á og var aukningin 5,5% miðað við opniberar tölur. Niðurstaðan er sú að erlendum gestum til Íslands með flugi og ferju 2004-2018 fjölgaði úr 362 þúsund í 2,35 milljónir, eða 6,5 falt.

Mynd 2.1 **Fjöldi erlendra brottfara frá Íslandi 2004-2018**

ferðamenn með flugi og ferju og vinnandi fólk



Ástæður fyrir stöðnuninni 2008-2010 voru einkum þær að í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fækkaði verulega fólki sem kom til Íslands til að vinna og einnig þeim sem komu í viðskiptaerindum. Jafnframt varð nokkur fækkun á ráðstefnugestum. Hina miklu aukningu 2011-2017 má líklega einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland í öllum helstu fréttamiðlum heimsins í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010, mikilli aukningu á sætaframboði í millilandaflugi og meiri fagmennsku í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, svo sem markaðsátakið *Inspired by Iceland* undir forystu Íslandsstofu er dæmi um. Tengt því er átakið *Ísland allt árið*. Fremur lítil fjölgun árið 2018 skrifast líklega nokkra þætti. Verðlag á Íslandi er á ný komið að þolmörkum ferðamanna, gjaldþrot Air Berlin á árinu 2017, gengislækkun breska pundsins og afleiðingar Brexit á ferðir íbúa þar, blikur á lofti í efnahag Þýskalands o.fl. hefur haft áhrif. Þá settu erfiðleikar í rekstri Wow air mark á umræðuna á síðari hluta ársins.

Ánægjulegt er að frá 2011 hefur ferðamönnum utan sumars fjölgað mun meira en sumargestum í júní, júlí og ágúst, sem leggur grunn að bættri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þannig voru ferðamenn (með flugi og ferju) utan sumartíma 2018 um 64,5% gesta til landsins en sumargestir 35,5%. Þá hefur erlendu vinnuafli nú fjölgað verulega á ný síðust árin, einkum vegna uppgangs í ferðaþjónustu og byggingariðnaði.

Gistinætur erlendra ferðamanna hér á landi voru allt fram til 2011 um helmingi fleiri að sumri en utan þess. Frá þeim tíma hefur verulega dregið sama og árið 2018 voru erlendar gistinætur á Íslandi umtalsvert færri yfir sumarmánuðina þrjá en hina níu mánuði ársins. Ástæðan er mikið örari fjölgun vetrargesta en sumargesta. Einnig hefur meðaldvöl sumargesta verið að styttast og var t.d. um 8,0 nætur að jafnaði sumarið 2018 samkvæmt könnunum RRF en um 5,7 nætur utan sumars (að jafnaði 6,5 nætur á ferðamann árið 2018). Þannig má áætla að árið 2018 hafi gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi alls verið um 14,2 milljónir talsins; þar af um 6,2 milljónir yfir sumarmánuðina þrjá (44%) en 8,0 milljónir hina níu mánuði ársins (56%). Eru þá öll form gistingar meðtalin; á hótelum, gistiheimilum, farfuglaheimilum, á tjaldsvæðum, hjá vinum, í húsbílum, Airbnb, 'camper' bílum sem nú ryðja sér til rúms, tjaldi á víðavangi o.s.frv.[3]

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju voru Norðurlandabúar lengi vel fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum var svo að vetrarlagi, þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandseyjum urðu heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Veturinn 2013-2014 juku Bretar þá forystu sína verulega og enn frekar veturinn 2014-2015. Mikil aukning á gestum frá Norður-Ameríku frá 2016 til 2018 hefur hins vegar skilað þeim á örugglega toppinn meðal gesta utan sumars. Þá hefur gestum utan helstu hefðbundnu markassvæða okkar einnig fjölgað mjög mikið og urðu fleiri en Bretar utan sumars 2017 og juku það forskot verulega árið 2018.

Bretar koma fremur lítið til Íslands að sumarlagi. Að sumri voru ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskalandi, Póllandi, Sviss og Austurríki) lengi vel fjölmennastir. Frá sumrinu 2013 blönduðu ferðamenn frá N-Ameríku og frá löndum utan helsti markaðssvæða sér í toppbar-áttuna. Sumarið 2015 voru gestir frá N-Ameríku áberandi fjölmennastir frá einstökum markaðs-svæðum og juku það forskot mikið sumarið 2016 og enn frekar árin 2017 og 2018. Gestir í hópnum „aðrir“ náðu þar öðru sætinu af Mið-Evrópubúum sumarið 2017 og héldu því 2018. Ferðamenn frá Suður-Evrópu (mest Frakkland, þá Spánn og síðan Ítalía) og Mið-Evrópu koma nú voru talsvert færri til Íslands að sumarlagi 2018 en utan þess. Sjá nánar á myndum 2.2 og 2.3.[4]

Í hópnum „aðrir“ eru t.d. allir ferðamenn frá Asíu, þar með talinn mjög vaxandi fjöldi Kínverja en einnig Japanir, íbúar Suður-Kóreu, Singapore, Hong Kong, Taívan, Indlands og Ísrael. Má gera ráð fyrir að Asíubúar séu tæplega helmingur þeirra sem hér eru í flokknum „aðrir“, þ.e. rúmlega 200 þúsund gestir árið 2018. Auk þess falla í flokkinn „aðrir“ íbúar Ástralíu, fjölmargra landa í

---

[3] *Í þessari greinargerð gert ráð fyrir að 5% erlendra brottfara frá til Íslandi árið 2016, 10% árið 2017 og 7% árið 2018 hafi verið vegna sjálftengifarþega (þurfa að skipta um flugvél eða fara út af vellinum og til baka samdægurs) og erlendra verkamanna sem ekki eru ferðamenn á Íslandi í þeim skilningi. Því er hér miðað við 95% af heildinni, eða 1.706 þúsund ferðamenn (brottfarir) árið 2016 og 90% af heildinni, eða 2.004 þúsund árið 2017 og 93% af heildinni árið 2018, eða 2.183 þúsund ferðamenn. Við ákvörðun á þessu hlufalli er byggt á niðurstöðum kannana ISAVIA meðal farþega í Leifsstöð árin 2017 og 2018.*

[4] *Í grafinu sem sýnir þróunina utan sumars eiga tölurnar við tímabilin frá september fyrra árs til maí næsta árs (utan sumars), nema árin 2016, 2017 og 2018 þar sem miðað er við mánuði utan sumars það ár (janúar-maí og september-desember).*

austurhluta Evrópu og Eystrasaltsríkjanna. Einnig öll lönd Afríku , Mið- og Suður-Ameríku, en gestum þaðan fjölga hægar.

Myndi 2.2 Fjöldi erlendra ferðamanna eftir svæðum sumur 2004-2018



Myndi 2.3 Fjöldi erlendra ferðamanna eftir svæðum utan sumars 2004-2018



Sumarið 2018 voru um 40% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands með flugi eða ferju frá Norður-Ameríku, 17% utan áður hefðbundinna markaðssvæða, 15,5% frá Mið-Evrópu, 11% frá Suður-Evrópu, 8% frá Norðurlöndunum, 5,5% frá Bretlandi og 3% frá Benelux löndunum.

Utan sumars 2018 var samsetning gesta töluvert önnur. Þá voru 31% gesta frá Norður-Ameríku, 23% utan helstu markaðssvæða, 17% frá Bretlandi, 11% frá Mið-Evrópu, 8% frá Suður-Evrópu, 7% Norðurlandabúar en 3% frá Benelux löndunum.

Myndir 2.4-2.5 Skipting erlendra gesta á Íslandi 2018 - eftir markaðssvæðum



Sumar **Utan sumars**

2.2 Ferðamáti og farartæki

Ferðamáti erlendra ferðamanna hefur breyst mjög frá því að reglubundnar kannanir hófust hjá RRF sumarið 1996. Þá skiptust ferðamenn nánast í tvo jafn stóra hópa; annar var í skipulagðri hópferð en hinn í ferð á eigin vegum. Þetta breyttist hratt á næstu árum þannig að sumarið 2003 voru 67% á eigin vegum, tveir af hverjum þremur, en 33% í hópferð. Sumarið 2011 var síðan staðan sú að um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópferð. Síðustu árin hafa svo kallaðar 'self drive' ferðir vaxið umtalsvert, þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram og auk þess oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra ferða. Sumarið 2018 voru 74% svarenda á eigin vegum, 13% í 'self drive' ferð og 13% í skipulagðri hópferð. Er það áþekk niðurstaða og sumrin 2015-2017.

Mynd 2.6 Ferðamáti erlenda sumargesta á Íslandi 1996-2018



Utan sumars 2018 var þessu skipting nánast því sú sama; 73% ferðamanna voru þá á ferð á eigin vegum, 13% í 'self drive' ferð og 14% í hópferð.

Aukið sjálfstæði erlendra ferðamanna helst í hendur við aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum en minni notkun á hópferðabílum og áætlunarbílum. Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra ferðamanna sér hópferðabíl, 20% áætlunarbíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu svipað margir hópferðabíl og bílaleigubíl (36-37%) en færri áætlunarbíl (27%). Sumarið 2018 notuðu hins vegar 67% gestanna bílaleigubíl, 22% hópferðabíl og 10% áætlunarbíl. Auk þess eru ferðamenn nokkuð á eigin bílum (Norræna), á bílum vina/ættingja á Íslandi eða nota hjól.

Mynd 2.7 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2018



Um 66% ferðamanna á jaðarmánuðunum apríl, maí og september 2018 notuðu bílaleigubíl, svipað og helstu sumarmánuðina, um 56% gesta í mars og október en 46% ferðamanna í janúar, febrúar, nóvember og desember. Ef allt árið 2018 er skoðað þá nýttu um 60% bílaleigubíla. Mun fleiri notuðu eitthvað hópferðabíla að vetri en sumri 2018, t.d. um 46% gesta yfir helstu vetrarmánuðina fjóra en að jafnaði um 27% á jaðarmánuðunum.

Ferðamenn á bílaleigubíl í Ljósavatnsskarði. *Mynd: RG*

3.0 Erlendir ferðamenn í Dalabyggð 2010-2018

3.1 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Dalasýslu

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 49 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Dalasýslu árið 2004, 57 þúsund árið 2010, 135 þúsund árið 2014, 177 þúsund árið 2015, 215 þúsund árið 2016, 280 þúsund árið 2017 og 296 þúsund árið 2018 (sbr. mynd 3.1).[5] Samkvæmt því fjölgaði þeim sexfalt frá 2004 til 2018 en aðeins um tæp 6% á milli áranna 2017 og 2018. Þetta þýðir að um 13,6% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2018 komu í Dalasýslu en 13,2% erlendra gesta til landsins árið 2004. Sýslan hefur samkvæmt því haldið hlut sínum.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Dalasýslu hafi fjölgað úr 43 þúsund árið 2004 í 145 þúsund árið 2018, eða 3,4 falt. Áætluð fækkun sumargesta frá árinu 2017 var um 14% (þá áætlaðir 168 þúsund). Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Dalasýslu utan sumars margfalt meira á sama árabili, úr 7 þúsund í um 151 þúsund, eða 22 falt. Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Dalasýslu hefur lengst verulega á síðustu árum, einkum árin 2014-2018. Þannig fer nú mjög vaxandi fjöldi ferðamanna þar jaðarmánuðina maí, september og október og eitthvað alla mánuði ársins.

Mynd 3.1 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Dalasýslu eftir mánuðum 2004, 2010 og 2014-2018



	jan	feb	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept	okt	nóv	des
2018	7,9	9,2	13,6	15,2	21,6	37,1	50,0	57,6	44,2	25,8	9,2	4,8
2017	4,8	6,7	11,4	14,1	23,4	38,1	64,0	66,2	33,1	10,2	4,9	3,4
2016	3,3	2,2	6,5	6,5	17,7	28,1	50,5	48,1	25,9	15,1	6,3	4,8
2015	1,7	1,4	5,8	6,4	11,0	22,8	49,6	49,7	17,2	7,9	1,6	1,8
2014	0,9	2,6	2,5	5,1	10,8	23,0	35,2	37,3	11,1	3,1	2,2	1,6
2010	0,1	0,2	0,7	0,6	0,9	9,4	17,9	21,8	2,2	1,2	1,2	0,6
2004	0,2	0,2	0,1	0,2	1,5	6,3	17,0	19,4	3,3	0,5	0,5	0,2

[5] *Mikilvægt er að taka öllum tölum um fjölda gesta, gistinátta o.fl. í þessari samantekt með verulegum fyrirvara þar sem byggt er á könnunum. Fráviksmörk geta verið umtalsverð. Niðurstöðurnar eiga þó að gefa allgóðar vísbendingu um þróunina.*

Á mynd 3.2 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Dalasýslu eftir mánuðum ársins 2018 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 296 þúsund erlendum gestum þar hafi 92 þúsund gist (31%) en 204 þúsund verið dagsgestir (69%). Um 35% erlendra sumargesta í Dalasýslu 2018 gistu þar en um 27% þeirra sem þangað komu utan sumars.

Mynd 3.2 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Dalasýslu eftir mánuðum 2018



Dagsgestir	81%	71%	70%	72%	73%	60%	68%	66%	69%	78%	79%	75%
Næturgestir	19%	29%	30%	28%	27%	40%	32%	34%	31%	22%	21%	25%

Þeir 92 þúsund erlendu ferðamenn sem áætlað er að hafi gist í Dalasýslu árið 2018 dvöldu þar að jafnaði um 1,2 nætur, svipað og árin 2014 til 2017 (1,15-1,2 nætur), en næturgestir árið 2010 og 2004 dvöldu þar að jafnaði í 1,5-1,6 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í sýslunni áætlaðar um 110 þúsund árið 2018, eða um 0,8% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 84 þúsund árið 2017, 67 þúsund árið 2016, 47 þúsund árið 2015, 33 þúsund árið 2014, 17 þúsund árið 2010 og 13 þúsund árið 2004. Árið 2018 er lauslega áætlað að um 45% erlendra gistinátta í Dalasýslu hafi verið utan sumarmánuðanna þriggja, 37% árið 2017, 33% náttanna árið 2016, 23% árin 2015, 16% árið 2014 en einungis 7%-8% árin 2010 og 2004. Þetta sést betur á mynd 3.3.

Mynd 3.3 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta í Dalasýslu að sumri og utan sumars 2004, 2010 og 2014-2018



Utan sumars	8%	7%	16%	23%	33%	37%	45%
Sumar	92%	93%	84%	77%	67%	63%	55%

Frá Eiríksstöðum í Haukadal. *Mynd: Steina Matt.*

Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Dalasýslu eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2018 er áætlað að af 296 þúsund erlendum gestum í Dalasýslu sem komu til landsins með flugi eða ferju hafi 80 þúsund búið í N-Ameríku (27% gestanna), 78 þúsund utan áður hefðbundinna markaðssvæða (26,5%), 56 þúsund í Mið-Evrópu (19%), 48 þúsund í Suður-Evrópu (16%), 16 þúsund á Bretlandseyjum (5,5%), nær 10 þúsund á Norðurlöndunum (3,2%) og um 8,5 þúsund í Benelux löndunum (2,9%)

Mynd 3.4 **Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Dalasýslu eftir markaðssvæðum árið 2018**



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2018, sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu og frá löndum utan áður hefðbundinna markaðssvæða skila sér betur í Dalasýslu en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína. Þannig voru Bretar um 13% gesta til Íslands árið 2018 en einungis 5,5% af erlendum gestum í Dalasýslu.

3.2 Erlendir ferðamenn í Búðardal

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF er áætlað að 24 þúsund erlendir ferðamenn hafi haft einhverja viðkomu í Búðardal árið 2004, 26 þúsund árið 2010, 67 þúsund árið 2014, 88 þúsund árið 2015, 118 þúsund árið 2016, 122 þúsund árið 2017 og 154 þúsund árið 2018 (sbr. mynd 3.5). Samkvæmt því fjölgaði þeim 6,4 falt frá 2004 til 2018 og um 26% á milli áranna 2017 og 2018. Þetta þýðir að 7% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2018 höfðu einhverja viðdvöl í Búðardal en 6,5% árið 2004, eða um 52% þeirra sem lögðu leið sína um Dalasýslu. Samkvæmt því hefur Búðardalur rúmlega haldið sínum hlut á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum ferðamönnum í Búðardal hafi fjölgað úr 20 þúsund árið 2004 í 76 þúsund árið 2018, eða 3,7 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Búðardal utan sumars margfalt meira á sama tímabili, úr um 4 þúsund í um 79 þúsund, eða nær 20 falt.

Mynd 3.5

Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Búðardal eftir mánuðum 2004, 2010 og 2014-2018



2018	2,1	5,7	9,9	8,3	11,2	21,6	23,8	30,3	22,6	12,5	3,3	3,1
2017	2,2	0,6	5,1	7,6	11,4	17,3	23,5	25,6	19,3	5,7	2,6	1,5
2016	1,5	1,0	2,6	3,2	9,7	16,3	25,5	26,3	17,5	8,9	2,5	2,8
2015	1,2	0,6	4,0	3,2	7,1	13,9	22,7	23,2	7,1	3,2	1,2	1,1
2014	0,4	1,8	1,1	1,7	4,5	15,0	16,8	16,2	6,3	1,8	0,5	0,5
2010	0,0	0,0	0,3	0,1	0,5	4,7	8,4	9,5	1,1	0,5	0,4	0,3
2004	0,1	0,1	0,1	0,0	0,9	3,4	8,0	8,8	1,9	0,4	0,2	0,1

Árið 2004 er því áætlað að 84% erlendra gesta í Búðadal hafi komið þangað að sumarlagi (júní, júlí, ágúst) en 16% hina níu mánuði ársins. Árið 2018 er hins vegar áætlað að hlutfall sumargesta hafi verið komið niður í 49% en ferðamanna utan sumartíma upp í 51%. Þannig er ferðamanna-tíminn jafnt og þétt að lengjast í Búðardal.

4.0 Innlendir ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018

Fornleifafræðingar við landnámsskálann í Ólafsdal sumarið 2018. *Mynd: RG*

Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands (FHÍ) fyrir RRF lögðu 35% Íslendinga leið sína um Dalasýslu árið 2014, eða 108 þúsund manns. Margir þeirra fara þar um oftar en einu sinni árlega og því er fjöldi heimsókna þeirra mun meiri en fjöldi einstaklinga. Árið 2010 er áætlað að 24% landsmanna hafi komið í Dalasýslu (70 þúsund) og 28% árið 2004 (77 þúsund). Samkvæmt sömu könnun lögðu 25% Íslendinga leið sína í Búðardal árið 2014, eða 77 þúsund manns, um 71% þeirra sem fóru um Dalasýslu. Þá komu 17% í Búðardal árið 2010, um 49 þúsund manns. Ekki var spurt um komur í Búðardal árið 2004, en ef miðað við niðurstöðurnar úr hinum könnununum má áætla að þá hafi um 20% landsmanna haft þar viðkomu, um 55 þúsund manns.

Hér er gert ráð fyrir því að sama hlutfall Íslendinga hafi komið í Dalabyggð og Búðardal árin 2015-2017 eins og árið 2014 (tölurnar hækkaðar um 1-2% á milli ára vegna fjölgunar Íslendinga). Vegna slæms tíðarfars stóran hluta sumars 2018 er gert ráð fyrir um 10% fækkun innlendra gesta í Dölum og Búðardal í fyrra miðað við árið 2017.

Mynd 4.1 **Áætlaður fjöldi Íslendinga í Dalasýslu og Búðardal 2004, 2010 og 2014-2018**



Árið 2004 gistu 6,5% Íslendinga í Dalasýslu, eða um 18 þúsund manns, um fjórði hver sem þangað lagði leið sína. Ekki hefur verið spurt um þetta hlutfall í könnunum RRF síðan þá.

Íslenskir karlar eru nokkru líklegri en konur til að heimsækja Dalasýslu og Búðardal, fólk 36-55 ára líklegra en Íslendingar í öðrum aldurshópum og landsbyggðarfólk heldur líklegra til þess en íbúar á suðvesturhorni landsins.

5.0 Allir ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018

Þegar skoðuð er þróun í gestakomum í Dalasýslu 2004-2018 er áætlað að Íslendingar hafi verið 61% gestanna árið 2004 en erlendir ferðamenn 39%. Árið 2018 er hins vegar áætlað að erlendir ferðamenn hafi verið í miklum meirihluta, þ.e. 75% gestanna en Íslendingar 25%. Samkvæmt því voru erlendir gestir sem lögðu leið sína um í Dalasýslu árið 2018 nær þrisvar sinnum fleiri en innlendir ferðamenn.[6]

Því er áætlað að ferðamönnun sem fóru eitthvað um Dalasýslu hafi fjölgað úr 126 þúsund árið 2004 í 396 þúsund árið 2018, eða 3,1 falt. Nær öll þessu aukning varð á tímabilinu frá 2010 til 2017.

Mynd 5.1 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra og innlendra ferðamanna í Dalasýslu 2004, 2010 og 2014-2018



Erlendir ferðamenn	39%	45%	55%	62%	66%	71%	75%
Íslendingar	61%	55%	45%	38%	34%	29%	25%

Þetta eru miklar breytingar frá árinu 2010. Líklegasta skýringin á aukningunni er að frá árinu 2010 hefur nær öll umferð til Vestfjarða og Stranda farið um Dalasýslu. Það gerðist með tilkomu nýs vegar um Þröskulda, á milli Reykhólasveitar og Hólmavíkur, og nýrri brú yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi, en umferð var hleypt á þessi mannvirki haustið 2009. Þá hefur umferð erlendra

[6]. *Hér er miðað við fjölda einstaklinga en ekki allar heimsóknir þeirra. Talsvert margir Íslendingar heimsækja Dalasýslu oftar en einu sinni á ári þannig að heimsóknafjöldi þeirra þangað er nokkru hærri en gestatalan segir til um.*

ferðamanna utan sumartíma einnig verið að aukast jafnt og þétt víða um land, einkum vor og haust.

Með falli WOW air (28. mars 2019) er líklegt að nokkur afturkippur komi í fjölda erlendra ferðamanna til Íslands og þar með í Dalasýslu árið 2019. Ísland er eftir sem áður vinsæll áfangastaður ferðamanna og því líklegt að önnur flugfélög auki á sætaframboð sitt til landsins. Þó er talsverð fækkun ferðamanna líkleg næsta árið eða svo (mögulega um eða yfir 10%).

Áætlað er að ferðamönnun sem höfðu viðkomu í Búðardal hafi fjölgað úr 79 þúsund árið 2004 í 228 þúsund árið 2018, eða 2,9 falt. Jafnframt er áætlað að 70% ferðamanna sem komu í Búðardal árið 2004 hafi verið Íslendingar en 30% erlendir ferðamenn. Árið 2018 er hins vegar áætlað að erlendir ferðamann hafi verið 68% gestanna en Íslendingar 32%.[7] Eru það miklar breytingar á aðeins átta árum.

Mynd 5.2 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra og innlendra ferðamanna í Búðardal 2004, 2010 og 2014-2018



	2004	2010	2014	2015	2016	2017	2018
Erlendir ferðamenn	30%	35%	47%	53%	60%	60%	68%
Íslendingar	70%	65%	53%	47%	40%	40%	32%

Samkvæmt áðursögðu má lauslega áætla að um 74% Íslendinga sem fóru um Dalasýslu árið 2018 hafi haft einhverja viðkomu í Búðardal en um 52% erlendra ferðamanna.

[7]. *Rétt að ítreka að hér er miðað við fjölda einstaklinga en ekki allar heimsóknir þeirra. Talsvert margir Íslendingar hafa viðkomu í Búðardal oftar en einu sinni á ári þannig að heimsóknafjöldi þeirra þangað er að öllum líkindum talsvert hærri en gestatalan segir til um.*